

Viðgerð símtækis

1. Um ábyrgð Símans á símtækjum vísast til „Ábyrgðarskilmála vegna vörukaupa“. Hvort sem símtæki er í ábyrgð eða ekki getur viðskiptavinur óskað eftir því að Síminn hafi milligöngu um viðgerð á símtæki.
2. Áður en viðskiptavinur setur símtæki í viðgerð er hann upplýstur, að því marki sem hægt er, um hvaða úrræði standa viðskiptavininn til boða varðandi viðgerð og hvaða kostnaður gæti fallið í hlut viðskiptavinar vegna vinnu viðgerðaraðila. Slík upplýsingagjöf kann t.a.m. að fara fram með því að hafa verðskrá viðgerðaraðila aðgengilega fyrir viðskiptavin. Þá mun Síminn eða viðgerðaraðili jafnframt halda viðskiptavin upplýstum breytist forsendur, s.s. komi í ljós við skoðun að símtæki er ekki í ábyrgð og skal viðskiptavinur þá geta valið hvort viðgerð skuli engu að síður fara fram.
3. Þurfi að koma símtæki til utanaðkomandi viðgerðaraðila leiðbeinir Síminn viðskiptavininn þar að lútandi. Óski viðskiptavinar þess að Síminn komi símtæki í viðgerð óskar Síminn eftir samþykki viðskiptavinar fyrir öflun nauðsynlegra upplýsinga um símtækið, þ.m.t. nauðsynlegum persónuupplýsingum, í þeim tilgangi að afhenda viðgerðaraðila svo unnt sé að aflæsa símtækið og inna af hendi umbeðna viðgerðarþjónustu fyrir viðskiptavin. Heimili viðskiptavinar ekki slíka öflun og miðlun upplýsinga áskilur Síminn sér rétt til að synja um milligöngu viðgerðarþjónustu.
4. Ekki er tekin ábyrgð á gögnum sem kunna glatast vegna viðgerðarvinnu viðgerðaraðila. Óski viðskiptavinar eftir afritun gagna skal greiða fyrir það sérstakt afritunargjald, í samræmi við verðskrá Símans hverju sinni.
5. Komi í ljós að skoðun lokinni að símtækið er ekki gallað eða af öðrum ástæðum ekki í ábyrgð hjá Símanum (s.s. ef högg- eða rakaskemmdir eru til staðar skv. mati viðgerðaraðila), ber viðskiptavininn að greiða skoðunargjald í samræmi við verðskrá viðgerðaraðila hverju sinni. Á það við hvort sem tækið telst viðgerðarhæft eða ekki og hvort sem viðskiptavinur kysir að láta gera við það eða ekki.
6. Síminn ber ekki ábyrgð á uppfærslu á hugbúnaði símtækis. Sé þess óskað þarf að greiða fyrir slíka vinnu skv. verðskrá viðgerðaraðila.
7. Leiti viðskiptavinar sjálfur til viðgerðaraðila hefur Síminn enga aðkomu að viðgerðarferlinu gagnvart viðskiptavininum, hvorki varðandi afhendingu né gjaldfærslu þjónustunnar, nema um annað sé samið.
8. Þegar sími er tilbúinn úr viðgerð er viðskiptavinur látinn vita með skilaboðum.
9. Nálgist viðskiptavinur ekki símtæki sitt innan þriggja (3) mánaða frá lokum viðgerðar getur Síminn ekki tryggt afhendingu þess til viðskiptavinar. Að þeim tíma liðnum áskilur Síminn sér einnig rétt til að selja símtækið fyrir áföllnum kostnaði.

útg. 1.0 – 1. október 2019